



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Aukinn sveigjanleiki milli grunnskóla og framhaldsskóla

Vísað er til bréfs borgarráðs, dags. 23. júní 2015, þar sem borgarráð felur skóla- og frístundasviði að vinna sambærilega greiningu á auknum sveigjanleika á milli grunnskóla og framhaldsskóla og unnin var um hvernig brúa megi bilið á milli fæðingarorlofs og leikskóla annars vegar og greiningu á því hvort áhugavert sé að útskrifa börn úr leikskólum yfir í grunnskóla oftast en einu sinni á ári. Skóla- og frístundasviði var jafnframt valið að standa fyrir opinni umræðu um aukinn sveigjanleika á milli grunnskóla og framhaldsskóla.

Meðfylgjandi er skýrsla starfshóps um aukinn sveigjanleika milli grunnskóla og framhaldsskóla, dags. júní 2016.

Til upplýsinga er þess getið að á fundi skóla- og frístundaráðs þann 28. september 2016 var lögð fram framangreinds skýrsla starfshóps *Aukinn sveigjanleiki milli grunnskóla og framhaldsskóla*, dags. í júní 2016.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata lögðu fram svohljóðandi bókun:

Starfshópi um aukinn sveigjanleika milli grunnskóla og framhaldsskóla er þakkað fyrir góða vinnu og mikilvægar tillögur. Brýnt er að leggja áherslu á það gagnvart ríkisvaldinu að tekið verði á misjöfnu aðgengi grunnskólanemenda að framhaldsskólaáföngum með það að markmiði að tryggja jafnræði varðandi bæði aðgengi og fjármögnun. Tillögur um eflingu námsráðgjafar í grunnskólum falla vel að stefnu meirihlutans og verða skoðaðar í vinnu við fjárhagsáætlun og gerð nýrra úthlutunarlíkana.


Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina lögðu fram svohljóðandi bókun:

Það er óafsakanlegt að reykvískir unglingar hafi ekki allir sama aðgengi að því að taka einstaka áfanga í framhaldsskóla á meðan þeir eru enn í námi í efstu bekkjum grunnskólans ef þeir óska þess. Efla þarf starf náms- og starfsráðgjafa í grunnskólunum til að tryggja jafnari aðstöðu unglinganna til að fá aðgengilegar upplýsingar og ráðleggingar varðandi slíkt nám. Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina bar einmitt fram tillögu þess efnis í skóla- og frístundaráði fyrir á þessu ári og var þeirri tillögu vel tekið og hún samþykkt. Allar upplýsingar um tilboð námsáfanga þurfa að vera aðgengilegar öllum nemendum sem og varðandi kostnað. Einnig er æskilegt að unglingar geti fengið viðbótarkennslu í grunnskólanum í ákveðnum fögum til að dýpka þekkingu sína án þess að sækja þá kennslu til framhaldsskóla. Mikilvægt er að byggja upp öflugt miðlægt fjar- og dreifnám til að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda en einnig er brýnt að efla samtal og samstarf á milli kennara í efstu bekkjum grunnskólans og kennara í fyrstu bekkjum framhaldsskólans. Sveigjanleiki milli grunnskóla og framhaldsskóla er spennandi valmöguleiki og stuðlar að aukinni áherslu á

einstaklingsmiðað nám en kallar á raunhæft samtal milli ríkis og sveitarfélaga varðandi greiðslu kostnaðar við kennslu og kennslugögn.

Af ástæðum er varða skóla- og frístundasvið er óskað eftir að skýrslan fari á dagskrá borgarráðs eftir 10. október nk.

Virðingarfyllst


Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Bréf borgarráðs, dags. 23. júní 2015

Skýrsla starfshóps, dags. júní 2016

Minnisblað sviðsstjóra, dags. 26. sept.2016

Erindisbréf



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 26. september 2016
SFS2015100127
105. fundur
HG/et

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Aukinn sveigjanleiki milli grunnskóla og framhaldsskóla

Á fundi borgarráðs, 18. júní 2015, voru til umfjöllunar skýrslur og greiningar á því hvernig megi brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla, annars vegar og greining á því hvort áhugavert sé að útskrifa börn úr leikskólum yfir í grunnskóla oftar en einu sinni á ári, hins vegar. Á fundi borgarráðs var skóla- og frístundasviði falið að vinna sambærilega greiningu á auknum sveigjanleika milli grunnskóla og framhaldsskóla.

Skýrsla starfshóps um aukin sveigjanleika milli grunnskóla og framhaldsskóla verður send borgarráði til meðferðar. Skýrslan er lögð fram í skóla- og frístundaráði, 28. september, til kynningar.

ERINDISBRÉF

Heiti vinnuhóps: Starfshópur um aukinn sveigjanleika milli grunn- og framhaldsskóla
Ábyrgðarmaður: Helgi Grímsson, sviðsstjóri SFS
Hlutverk: Vinna að greiningu á auknum sveigjanleika á milli grunnskóla og framhaldsskóla með fagleg sjónarmið og framtíðarsýn um gott skólakerfi, metnaðarfullt skólastarf og hagsmuni nemenda að leiðarljósi.
Helstu verkefni: Kortleggja þá möguleika sem nemendur í grunnskólum borgarinnar hafa nú þegar varðandi sveigjanleika í námi á mörkum grunn- og framhaldsskóla Setja fram hugmyndir um aukinn sveigjanleika milli grunn- og framhaldsskóla Meta fjárhagslegan og faglegan fýsileika þess að auka sveigjanleika milli grunn- og framhaldsskóla Standa fyrir opinni umræðu um sveigjanleg skil milli grunn- og framhaldsskóla
Fulltrúar í stýrihópi: Fulltrúar fagskrifstofu SFS: Guðrún E. Bentsdóttir, Nanna Kristín Christiansen og Þorbjörg St. Þorsteinsdóttir Fulltrúi Félags skólastjórnenda í Reykjavík Fulltrúi Kennarafélags Reykjavíkur: Einn fulltrú foreldra: SAMFOK Einn fulltrúi ungmennaráðs:
Formaður vinnuhóps: Guðrún E. Bentsdóttir
Starfsmenn: Nanna K. Christiansen og Þorbjörg St. Þorsteinsdóttir
Ráðgjöf/samstarf: Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Menntamálastofnun, Skólameistarafélag Íslands, Félag framhaldsskólánema, Menntavísindasvið HÍ og aðrir sérfróðir aðilar sem hópurinn kys að leita til.
Starfstímabil: Frá 15. okt. 2015 – 15. mars 2016
Skil: Skóla- og frístundaráðs og borgarráðs



Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 23. júní 2015

R14090013

430

HBL/újb

Skóla- og frístundasvið
Ragnar Þorsteinsson sviðsstjóri
Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Skýrsla starfshóps til að brúa bilið á milli fæðingaorlofs og leikskóla

Á fundi borgarráðs þann 18. júní 2015 var lagt fram bréf formanns starfshóps um áætlun um að brúa bilið á milli fæðingaorlofs og leikskóla, dags. 12. júní 2015, um skil starfshópsins. Jafnframt var lögð fram skýrsla starfshópsins, dags. 28. maí 2015. Einnig var lögð fram skýrsla um innritun barna í grunnskóla oftár en einu sinni á ári, dags. í apríl 2015 og umsögn fjármálaskrifstofu dags. 16. júní sl.

Borgarráð lagði fram svohljóðandi bókun:

Borgarráð þakkar fyrir skýrslur og greiningu á því hvernig megi brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla, annars vegar og greiningu á því hvort áhugavert sé að útskrifa börn úr leikskólum yfir í grunnskóla oftár en einu sinni á ári, hins vegar. Borgarráð felur skóla- og frístundasviði að vinna sambærilega greiningu á auknum sveigjanleika á milli grunnskóla og framhaldsskóla, jafnframt því sem staðið verði fyrir opinni umræðu. Hugmyndirnar sem til umfjöllunar eru hafa ekki aðeins praktíska og fjárhagslega hlið heldur þurfa fagleg sjónarmið og framtíðarsýn um gott skólakerfi og metnaðarfullt skólastarf út frá hagsmunum barna að vera í forgrunni.

Borgarráð samþykkti að vísa erindinu til frekari vinnslu skóla- og frístundasviðs.

Helga Björk Laxdal
e.u.

SKJALAVER HÖFGATORGI
24. JÚNÍ 2015
Málsnr.: SF5 2015-06-0234
Bréfatýkill: 4.16



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Aukinn sveigjanleiki milli grunnskóla og framhaldsskóla

Skýrsla starfshóps



Júní 2016



Aukinn sveigjanleiki milli grunnskóla og framhaldsskóla – skýrsla starfshóps

Ábyrgðarmaður: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur
Starfshópur:

Guðrún Edda Bentsdóttir – formaður starfshóps

Birgitta Bára Hassenstein

Börkur Vígbórsson

Guðrún Edda Bentsdóttir

Hulda María Magnúsdóttir

Karítas Bjarkadóttir

Nanna Kristín Christiansen

Umsjón með útgáfu: Nanna K. Christiansen

Uppsetning: Guðrún Hjartardóttir

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

júní 2016

Efnisyfirlit

Skýrsla starfshóps.....	1
Helstu tillögur	4
1. Inngangur	5
2. Starf hópsins.....	5
3. Núverandi staða	6
Kostnaður	7
4. Rýnihópafundur.....	8
Helstu niðurstöður úr rýnihópaumræðum:.....	9
5. Ýmis sjónarmið	11
6. Tillögur og greinargerð starfshóps um sveigjanlegan námstíma í grunnskóla (2007)	12
7. Skil skólastiga.....	13
8. Möguleikar á skilum skólastiga.....	14
Kostnaðargreining	15
9. Samantekt og niðurstöður.....	16
Heimildir	18
Fylgiskjöl	19

Helstu tillögur

- Tryggja þarf jafnræði nemenda í borginni varðandi skilin milli grunn- og framhaldskóla þ.á.m. aðgang grunnskólanemenda að námi í framhaldsskólaáföngum og flýtingu grunnskólanáms. Gera þarf samræmdar reglur um skil skólastiga og upplýsa alla þá sem málið varðar.
- Setja þarf stefnu varðandi greiðslu á kostnaði framhaldsskólaáfanga grunnskólanemenda.
- Tryggja þarf að allir nemendur fái náms- og starfsráðgjöf í grunnskóla og að nemendur á unglíngastigi fái kynningu á starfi framhaldsskólanna í borginni. Grunnskólanemendur sem taka framhaldsskólaáfanga fái stuðning og aðhald við það nám frá náms- og starfsráðgjafa grunnskólans.
- Gera þarf úttekt á hlut náms – og starfsráðgjafa varðandi skil skólastiga.
- Tryggja þarf meiri samfellu í námi milli skólastiga, m.a. með markvissu samráði.
- Byggja þarf upp miðlægt fjar – og dreifinám á mótum grunn- og framhaldsskóla í samstarfi ríkis og sveitarfélaga.

1. Inngangur

Á fundi borgarráðs sem haldinn var 18. júní 2015 voru lagðar fram skýrsla starfshóps til að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla dags. 28. maí 2015 og skýrsla um innritun barna oftari en einu sinni á ári dags. í apríl 2015 ásamt umsögn fjármálaskrifstofu dags. 16. júní 2015. Í framhaldinu samþykkti borgarráð að fela skóla- og frístundasviði að vinna sambærilega greiningu á auknum sveigjanleika á milli grunnskóla og framhaldsskóla auk þess að standa fyrir opinni umræðu um skil skólastiganna.

2. Starf hópsins

Samkvæmt erindisbréfi (fylgiskjal 1) var það hlutverk starfshópsins að vinna að greiningu á auknum sveigjanleika á milli grunnskóla og framhaldsskóla með fagleg sjónarmið og framtíðarsýn um gott skólakerfi, metnaðarfullt skólastarf og hagsmuni nemenda að leiðarljósi.

Helstu verkefni hans voru samkvæmt erindisbréfi að:

- Kortleggja þá möguleika sem nemendur í grunnskólum borgarinnar hafa nú þegar varðandi sveigjanleika í námi á mörkum grunn- og framhaldsskóla.
- Setja fram hugmyndir um aukinn sveigjanleika milli grunn- og framhaldsskóla.
- Meta fjárhagslegan og faglegan fýsileika þess að auka sveigjanleika milli grunn- og framhaldsskóla.
- Standa fyrir opinni umræðu um sveigjanleg skil milli grunn- og framhaldsskóla.

Fulltrúar í starfhópnum voru:

- Börkur Vígbórsson, fulltrúi Félags skólastjórnenda í Reykjavík
- Hulda María Magnúsdóttir, fulltrúi Kennarafélags Reykjavíkur
- Birgitta Bára Hassenstein, fulltrúi foreldra, SAMFOK
- Karítas Bjarkadóttir, fulltrúi ungmennaráða (til vara Eyrún Magnúsdóttir)
- Guðrún E. Bentsdóttir, fulltrúi fagskrifstofu SFS - formaður hópsins
- Nanna Kristín Christiansen, fulltrúi fagskrifstofu SFS - ritari hópsins


Starfshópurinn fundaði fjórum sinnum auk þess sem hann stóð fyrir einum rýnihópafundi. Hópurinn kynnti sér sérstaklega gögn sem tölfræði- og rannsóknarþjónusta SFS hefur tekið saman um nám grunnskólanemenda í framhaldsskólaáföngum á undanförunum árum og koma m.a. fram í ársskýrslum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar. Hópurinn kynnti sér einnig tillögur starfshóps Menntasviðs Reykjavíkurborgar frá 2007 um sveigjanlegan námstíma í grunnskóla og kafla í bók Gerðar G. Óskarsdóttur, *Skil skólastiga* frá 2012.

3. Núverandi staða

Samkvæmt 4. mgr. 26. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 „eiga grunnskólanemendur rétt á að stunda nám í einstökum námsgreinum á framhaldsskólastigi meðan þeir eru í grunnskóla enda hafi þeir sýnt fullnægjandi færni“. Réttur grunnskólanemenda til að stunda nám á framhaldsskólastigi er því ótvíræður svo framarlega sem þeir geti sýnt fram á fullnægjandi færni til að stunda nám í viðkomandi áfanga.

Niðurstöður könnunar meðal námsráðgjafa í grunnskólum Reykjavíkur vorið 2016 sýndi að 282 nemendur í 10. bekk luku námi í framhaldsskólaáföngum á skólaárinu. Svör bárust frá 21 skóla af 23.

Mynd A. Fjöldi nemenda sem luku framhaldsskólaáföngum að vori árin 2011 - 2015



Á mynd A má sjá að miklar sveiflur eru í þátttöku nemenda í grunnskólum borgarinnar í framhaldsskólaáföngum. Þess ber að geta að spurningarnar hafa ekki verið eins orðaðar öll árin, t.d. er mismunandi hvort spurt er um fjölda nemenda sem stunda nám í framhaldsskólaáföngum eða um fjölda nemenda sem hafa lokið framhaldsskólaáföngum. Ekki er víst að þetta tvennt sé alltaf sambærilegt.

Tafla 1. Hver annast kennslu í framhaldsskólaáföngum í 21 grunnskóla í Reykjavík?

	Fjöldi	Hlutfall (%)
Kennari skólans*	4	19,0
Kennari framhaldsskóla	10	47,6
Kennari skólans og framhaldsskóla	7	33,3
Alls	21	100,0

*Skólar þar sem kennari skólans annast kennslu framhaldsskólaáfanga eru Austurbæjarskóli, Breiðholtsskóli, Hagaskóli og Ingunnarskóli.

Skólaárið 2015 - 16 var algengast að framhaldsskólakennarar kenndu þá framhaldsskólaáfanga sem grunnskólanemendurnir sóttu eða 47,6%. Í 33% tilvika var um að ræða bæði grunnskólakennara og framhaldsskólakennara (Tafla 1). Nemendur taka próf frá þeim framhaldsskóla sem grunnskólinn er í samstarfi við. Einnig geta nemendur í grunnskóla sótt framhaldsskólaáfanga í fjarnámi og er kennslan þá á ábyrgð kennara í viðkomandi framhaldsskóla.

Tafla 2. Hver er kostnaður vegna námsins og hver greiðir hann?

	Fjöldi	Hlutfall (%)
Grunnskólinn	5	29,4
Foreldrar nemanda	3	17,6
Bæði grunnskóli og foreldrar	4	23,5
Bæði grunnskóli og menntamálaráðuneytið	1	5,9
Bæði foreldrar og menntamálaráðuneyti	1	5,9
Enginn beinn kostnaður	3	17,6
Alls	17	100,0

Það er mismunandi hver greiðir kostnað vegna náms grunnskólanemenda á framhaldsskólástigi, algengast er að það sé grunnskólinn eða 29,4 % en í 23,5 % tilvika eru það grunnskólinn og foreldrar í sameiningu. Í nokkrum tilvikum innheimta framhaldsskólarnir ekki sérstakt gjald af grunnskólanemendum, það átti t.d. við um Fjölbrautarskólann í Ármúla (Tafla 3). Óvíst mun vera hvort framhald verður á því.

Algengustu námsgreinarnar sem grunnskólanemendur taka á framhaldsskólástigi eru stærðfræði og enska en einnig taka nemendur framhaldsskólaáfanga í dönsku, spænsku, þýsku, íslensku og málmsmíði. Bóknámsgreinar eru í yfirgnæfandi meirihluta. Mismunandi er hvort grunnskólarnir eru í samstarfi við framhaldsskóla um nám nemenda. Í sumum tilvikum stunda grunnskólanemendur nám við framhaldsskólann í einstökum námsgreinum en í öðrum tilvikum er um kynningar og heimsóknir að ræða, þar sem nemendur fá að sækja nokkrar kennslustundir í framhaldsskólanum (Fylgiskjal 2) .

Að mati svarenda er það fyrst og fremst spurningin um greiðslu kostnaðar sem kemur í veg fyrir að nemendur stundi nám í framhaldsskólaáföngum (Fylgiskjal 2).

Algengast hefur verið að nemendur stundi nám í framhaldsskólaáföngum í Fjölbrautarskólanum við Ármúla, Fjölbrautarskólanum í Breiðholti, en einnig eru nokkrir í Verslunarskóla Íslands, Menntaskólanum við Hamrahlíð og í Borgarholtsskóla.

Kostnaður

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 á kennsla í skyldunámi í opinberum grunnskólum að vera nemendum að kostnaðarlausu og ekki heimilt að krefja nemendur eða foreldra

þeirra um greiðslu fyrir kennslu, þjónustu, námsgögn eða annað efni sem nemendum er skylt að nota í námi sínu. Sama á við um nám grunnskólanemenda í framhaldsskólaáföngum, enda sé námið skilgreint sem hluti náms í grunnskóla. Þessi málsgrein laganna kveður alveg skýrt á um að kostnaður vegna náms grunnskólanemenda í framhaldsskólaáföngum eigi að vera nemendum og foreldrum þeirra að kostnaðarlausu.

Fyrir bankahrunið 2008 var gert ráð fyrir kostnaði vegna þjónustu framhaldsskólanna við grunnskólanemendur í fjárlögum ríkisins en eftir hrun var þessi þáttur í starfi framhaldsskólanna tekinn af fjárlögum og hefur ekki verið gert ráð fyrir honum í fjárframlögum til framhaldsskólanna ennþá. Í yfirliti Sambands íslenskra sveitarfélaga um grá svæði í verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga á sviði velferðarþjónustu (2014) er m.a. fjallað um rétt nemenda sem vilja skrá sig í framhaldsskólaáfanga. Bent er á að þróunin hafi orðið sú að einstaka skólar og/eða sveitarfélög hafi séð til þess að þeir grunnskólanemendur sem uppfylla skilyrði komist í framhaldsskólaáfanga á kostnað foreldra og sveitarfélags. Varað er við því í yfirliti Sambandsins að skapa hefð þess efnis að sveitarfélögin sjái alfarið um að greiða þennan kostnað þar sem framhaldsskólinn sé ekki rekinn af sveitarfélögunum, heldur af ríkinu. Í álitsgerð Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 2010 er því haldið fram að sveitarfélögin geti hvorki borið faglega né fjárhagslega ábyrgð á því að nemendum í grunnskólum standi til boða að stunda nám á framhaldsskólastigi (<http://www.samband.is/media/skolamal/Rettur-grunnskolaabarna-til-thess-ad-stunda-nam-i-framhaldsskolaafongum.pdf>).

Því er mikilvægt að skólayfirvöld í Reykjavík og Samband íslenskra sveitarfélaga hafi forgöngu um að ganga til viðræðna við mennta- og menningarmálaráðuneytið um þessi mál til að rétta hlut sveitarfélaganna og tryggja að ríkisvaldið setji það fjármagn í verkefnið sem nauðsynlegt er til að tryggja rétt grunnskólanemenda til að taka framhaldsskólaáfanga eins og lög og reglugerðir segja til um.

4. Rýnihópafundur

Eins og fram kemur í erindisbréfi starfshópsins var það m.a. verkefni starfshópsins að standa fyrir opinni umræðu um sveigjanleg skil milli grunn- og framhaldsskóla.

Starfshópurinn ákvað að bjóða fulltrúum starfsmanna grunnskóla, framhaldsskóla, nemenda og foreldra á rýnihópafund í því skyni að draga fram reynslu og viðhorf þeirra sem þekkja best til skilanna milli grunn- og framhaldsskóla. Var stjórnendum allra grunn- og framhaldsskóla í borginni boðið að senda 2 fulltrúa starfsmanna á fundinn sem haldinn var í matsal Höfðatorgs þann 19. apríl sl. Einnig var óskað eftir fulltrúum frá ungmennaráði Reykjavíkurborgar, ráðgjafarhópi Umboðsmanns barna og frá SAMFOK. Samtals tóku 28 fulltrúar þátt í fjórum rýnihópum auk stjórnenda rýnihópanna. Allir rýnihóparnir voru samansettir þannig að grunn- og framhaldsskólar, nemendur og foreldrar hefðu sinn fulltrúa, þó náðist ekki að tryggja að fulltrúar SAMFOK væru í öllum hópunum.

Eftirfarandi umræðuefni voru rædd:

- Hvaða möguleikar eru til staðar fyrir grunnskólanemendur til að stunda nám á framhaldsskólastigi?

- Hvernig nýtast nemendum þessir möguleikar?
- Teljið þið að allir nemendur í borginni sitji við sama borð hvað þetta varðar?
- Hvaða frekari tækifæri sjáið þið til aukins sveigjanleika á skólaskilum grunn- og framhaldsskóla?
- Hvað teljið þið helst að hindri þennan sveigjanleika?
- Heyrst hafa hugmyndir um að auka möguleika á brautskráningu nemenda eftir 9. bekk. Hvað finnst ykkur um þær?
- Annað sem hópurnir kys að ræða

Helstu niðurstöður úr rýnihópaumræðum:

Skortur á upplýsingum

Mikill misbrestur virðist vera á því að öllum nemendum og foreldrum þeirra séu tryggðar samræmdar upplýsingar sem tengjast skilum skólastiga. Hér er átt við upplýsingar varðandi möguleika á flýtingu á grunnskólanámi, tilboð um nám í framhaldsskólaáföngum á meðan nemandinn er enn í grunnskóla og upplýsingar um nám í framhaldsskólum. Fram kom að oft eru það foreldrar einstakra nemenda sem þurfa að eigin frumkvæði að leita upplýsinga og finna viðeigandi úrræði fyrir barn sitt fylgi það ekki megin straumnum í námi.

Framhaldsskólanám fyrir grunnskólanemendur

Ýmsir möguleikar voru ræddir varðandi möguleika grunnskólanemenda á að stunda nám í framhaldsskóla, algengast virðist að þeir grunnskólanemendur sem eru á undan jafnöldrum sínum í námi taki framhaldsskólaáfanga í 9. og/eða 10. bekk, sem getur flýtt fyrir þeim ef þeir fara í áfangakerfi í framhaldsskóla. Einnig taka einhverjir nemendur saman síðustu bekkina í grunnskólanum og klára þannig grunnskólann einu ári fyrr. Fulltrúar framhaldsskóla bentu á að framhaldsskólar séu alltaf til í samstarf en að það vanti starfsfólk á báðum skólastigum til að halda utan um málið og ekki síst þurfi að vera starfsmaður í grunnskólanum sem styður við þá nemendur sem eru að taka framhaldsskólaáfanga og fylgist með námi þeirra. Þegar slíkt er til staðar er algengast að náms- og starfsráðgjafar sinni þessu verkefni.

Foreldrar geta óskað eftir því við skólastjóra grunnskóla að barn þeirra sé útskrifað úr grunnskóla áður en 10 ára skyldunámi er lokið telji foreldrar að viðkomandi nemandi hafi forsendur til að innritast í framhaldsskóla. Skólastjóri skal þá ráðfæra sig við umsjónarkennara nemandans og skólaþjónustu sveitarfélagsins áður en hann tekur ákvörðun í málinu. Skólastjóri metur hvenær nemandi hafi lokið skyldunámi samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla með framúrskarandi árangri áður en hann útskrifast þaðan (sbr. 32. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008). Fram kom í umræðunum að mikilvægt sé að útskrifa viðkomandi nemendur formlega úr grunnskólanum.

Einn framhaldsskóli í borginni hefur óskað eftir því að fá að taka nemendur inn í skólann eftir 9. bekk og kenna 10. bekk og 1. bekk í framhaldsskóla saman, beiðnin er enn til umfjöllunar hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Áfangakerfi og bekkjakerfi

Ítrekað kom fram að nemendur standa mjög misjafnlega að vígi hvað varðar möguleika á að taka framhaldsskólaáfanga meðan þeir eru í grunnskóla. Framhaldsskólar sem eru með áfangakerfi virðast eiga auðveldara með að bjóða nemendum á grunnskólastigi nám í einstökum námsgreinum auk þess sem meiri líkur eru á að þeir skólar meti slíkt nám til fulls. Nemendur grunnskóla, sem hafa gert samkomulag við framhaldsskóla með áfangakerfi, standa því almennt betur að vígi en hinir hvað varðar flýtingu náms. Þegar nemendur, sem lokið hafa framhaldsskólaáföngum, hefja nám í bekkjarkerfisskóla eru dæmi um að þeir njóti árangurs síns með því að fá að sleppa því að sitja aftur í tímum í viðkomandi námsáfanga. Það flýtir hinsvegar ekki námi þeirra en getur létt á álaginu við að hefja nám á nýju og meira krefjandi skólastigi.

Aukinn sveigjanleiki og úrræði

Fram kom að þörf er talin á auknum sveigjanleika og úrræðum í tengslum við skil grunn- og framhaldsskóla og vísað til þess að allir nemendur eigi að fá kennslu við sitt hæfi. Þar var m.a. rætt um list- og verkgreinar. Dæmi voru nefnd um að grunnskólanemendur hefðu þurft að taka tvisvar sinnum fyrir sama námsefnið af því að það voru ekki aðrir námsmöguleikar í boði í skólanum. Einn nemandi benti á að í skólanum hans væri ekkert val á unglingsstigi. Nokkrir nemendur í hópnum töldu að það mætti nýta tímann í grunnskólanum mun betur. Rætt var um hvenær sveigjanleikinn eigi að hefjast, hvort það eigi að vera í 9. bekk eða jafnvel miklu fyrr í grunnskólanum.

Vel skipulagt fjar- og dreifináms ætti að veita þeim grunnskólanemendum, sem það kjósa, aukin tækifæri til að stunda nám óháð búsetu. Hér er einkum átt við nám sem ekki er í boði í viðkomandi skóla. Þetta gæti m.a. átt við um framhaldsskólaáfanga.

Félagslegi þátturinn

Lögð var áhersla á mikilvægi þess að taka tillit til félagslega þáttarins þegar nemendur fara fyrr í framhaldsskóla en jafnaldrar þeirra. Fram kom að félagslífið í framhaldsskólunum sé öðruvísi en í grunnskólanum, m.a. eykst áfengisneysla. Foreldrar hafi ekki lengur jafn mikil afskipti af félagsstarfi nemenda og nemendur hafi heldur ekki lengur sama aðgang að félagsmiðstöðvum og áður.

Fjármagn

Nám kostar og það kom fram að með meira fjármagni yrði hægt að koma betur til móts við nemendur með fjölbreyttara námsframboði og kennurum á báðum skólastigunum. Einnig var töluvert rætt um hver ætti að greiða skráningargjöld og námsgögn fyrir framhaldsskólaáfanga grunnskólanemenda, en það mun vera mismunandi í dag. Einnig var bent á mikilvægi þess að það væru starfsmenn á báðum skólastigum sem hefðu umsjón með framhaldsskólanámi grunnskólanemenda.

Ríki – sveitarfélag

Sú staðreynd að grunnskólinn og framhaldsskólinn eru á mismunandi stjórnsýslustigum gerir auknar kröfur til samræðu og samræmingar milli skólastiganna. Nauðsynlegt er að tryggja heildstæða stefnu um skil og/eða samfellu milli skólastiganna, móta skýrar verklagsreglur um skil skólastiganna m.a. um

þann kostnað sem hlýst af framhaldsskólanámi grunnskólanemenda og tryggja jafnræði milli nemenda eftir skólum eða búsetu eins og kostur er.

5. Ýmis sjónarmið

Að mati starfshópsins takast þau sjónarmið stundum á hvort það eigi að vera markmið að nemendur flýti sér í gegnum grunnskóla til að komast sem fyrst í framhaldsskóla eða hvort þeir eigi fremur að njóta þeirra tækifæra sem grunnskólinn getur veitt þeim með námi við hæfi í hópi jafnaldra sinna. Þarna takast e.t.v. á ólíkar hugmyndir til náms og til skólastiganna. Einnig voru skiptar skoðanir um það hvort möguleikar á flýtingu í gegnum grunnskólann eigi að einskorðast við unglingsstigið eða hvort það eigi að ná til allra stiga grunnskólans. Þar má velta fyrir sér hversu mikið fæðingarár barna á að stýra námi þeirra og ferð gegnum grunnskólann. Hér var vísað til 13. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008: *Grunnskóli er vinnustaður nemenda. Allir nemendur grunnskóla eiga rétt á kennslu við sitt hæfi í hvetjandi námsumhverfi í viðeigandi húsnæði sem tekur mið af þörfum þeirra og almennri vellíðan. Grunnskóli skal í hvívetna haga störfum sínum þannig að nemendur finni til öryggis og njóti hæfileika sinna.*

Á fundum starfshópsins var því velt upp hvort nægilega vel væri komið til móts við ólíkar þarfir og áhugasvið nemenda og hvort áfangakerfi innan grunnskólans gæti hugsanlega bætt þar úr.

All nokkuð var rætt í rýnihópunum um að því geti fylgt ákveðinn félagslegur vandi þegar nemendur fara á undan jafnöldrum sínum í framhaldsskóla, sýndist sitt hverjum og reynsla þátttakenda og fulltrúa starfshópsins mismunandi. Þeir sem höfðu mestar áhyggjur bentu á að þegar nemendur kæmu í framhaldsskóla minnki aðhald foreldra og nemendur fái aukið sjálfstæði og ekki væri víst að svo ung börn gætu fótað sig í þannig umhverfi.

Skipulögð efling á miðlægu fjar- og dreifinámi gæti stuðlað að auknum sveigjanleika grunn- og framhaldsskóla auk þess sem það myndi auka jafnræði allra grunnskólanemenda, hvar sem þeir stunda nám. Þetta væri heppilegast að gera með einni miðlægri gátt sem væri vel kynnt fyrir öllum þeim sem málið varðar. Þar væri að finna upplýsingar um alla námsmöguleika grunnskólanemenda sem vilja stunda nám á framhaldsskólastigi. Slíkt fyrirkomulag myndi einnig leysa þann vanda sem felst í því að stundum er erfitt fyrir nemendur í grunnskólunum að sækja áfanga í framhaldsskólanum þar sem tímar stangast á við tímuna í grunnskólanum.

Ekki hefur verið mikið rætt hér á landi um möguleikann á því að gefa nemendum tækifæri til að vera lengur í grunnskólanum en núverandi lög og reglugerðir segja til um. Í Danmörku t.d. hafa nemendur kost á að taka eitt viðbótarnámsár í grunnskóla sem þar er kallað „10. klasse“. Litið er á námið í þessu námstilboði sem inngang í framhaldsskóla og að unnið sé að því að byggja undir faglegan og persónulegan grunn nemandans og gera hann færari um að takast á við nám í framhaldsskóla og líf að lokinni skólagöngu (<http://www.aarhus.dk/10-klasse>).

6. Tillögur og greinargerð starfshóps um sveigjanlegan námstíma í grunnskóla (2007)

Haustið 2006 skipaði menntaráð Reykjavíkurborgar starfshóp til að fjalla um sveigjanlegan námstíma í grunnskóla. Hlutverk starfshópsins var að skilgreina möguleika á sveigjanleika við lok leikskóla og upphaf grunnskóla annars vegar, og sveigjanleg námslok nemenda í grunnskóla og tengsl við framhaldsskólann hins vegar sem tæki m.a. tillit til framkvæmdar, námsframboðs, kostnaðar, innritunar og skólaloka.

Helstu verkefni hópsins voru eftirfarandi:

- *Að setja fram hugmyndir og skýra möguleika á að börn byrji á misjöfnum aldri í grunnskóla og framhaldsskóla eftir því sem þroski þeirra segir til um.*
- *Að setja fram tillögur um sveigjanleg skil milli grunnskóla og framhaldsskóla þ.m.t. að skoða hvaða leiðir eru farnar núna varðandi kostnað, innritun o.fl.*

Hópurinn lagði m.a. fram tillögur um að eftirfarandi kostir yrðu skoðaðir sérstaklega.:

Skil grunnskóla – framhaldsskóla

- *Allir grunnskólar haldi áfram að þróa einstaklingsmiðað nám í öllum árgöngum. Netnám verði nýtt til að auka námsframboð.*
- *Nemendur í efstu bekkjum grunnskóla fái áfram tækifæri til að taka framhaldsskólaáfangar og settar verði ákveðnar reglur um greiðslu kostnaðar.*
- *Allir grunnskólar verði hvattir til að greiða leið þeirra nemenda sem hafa áhuga og getu til að ljúka námi í 9. og 10. bekk á einu skólaári.*
- *Einn eða fleiri af grunnskólum borgarinnar verði hvattir til að bjóða upp á námsleið sem býr nemendur undir að fara í framhaldsskóla eftir 9. bekk.*
- *Nemendur fari ekki yfir í framhaldsskóla nema útskrifast úr grunnskóla með formlegum hætti.*

Kostnaður vegna náms grunnskólanemenda í framhaldsskóla

- *Framhaldsskólaáfangar sem grunnskólanemendur taka verði foreldrum að kostnaðarlausu.*

Tilraunaverkefni – borgin reki framhaldsskóla

- *Lagt er til að starfshópur verði skipaður til að hefja viðræður við menntamálaráðuneytið um að borgin taki að sér að reka einn framhaldsskóla sem starfi í nánnum tengslum við einn eða fleiri grunnskóla.*

Starfshópurinn lagði áherslu á að ætíð yrði haft gott samstarf og samráð við foreldra þegar metið væri hvort nemandi eigi að fylgja jafnöldrum sínum í námi eða ekki (Menntasvið Reykjavíkur 2007).

Tillögur starfshópsins frá 2007 samræmast að verulegu leyti tillögum starfshópsins 2016. Það sem fyrst og fremst er frábrugðið er tillaga fyrri starfshópsins um tilraunarekstur eins framhaldsskóla, en sú tillaga kom ekki til umræðu í starfshópnum 2016 enda hafa hugmyndir um að sveitarfélögin taki

yfir rekstur framhaldsskóla ekki fengið hljómgrunn, enn sem komið er. Það má því segja að starfshópurinn 2016 hafi litlu við niðurstöður eldri starfshópsins að bæta og að þær tillögur sem þar komu fram séu enn í fullu gildi.

7. Skil skólastiga

Eins og fram kemur í bókinni *Skil skólastiga* (Gerður G. Óskarsdóttir, 2012) er margt líkt með báðum stigum skólanna og samfella mikil er varðar ytri og innri umgjörð skólastarfs og starfshættina en samstarf og upplýsingamiðlun virðist lítil milli skólastiga og vitneskja kennara um starfið á stiginu á undan eða eftir oft af skornum skammti og jafnvel örlaði á fordómum. Rof og það sem höfundur nefnir *afturhverft rof* kom fram í því að nemendur voru í sumum tilfellum að fást við sama efni og áður á nýju skólastigi, og einnig virtist draga úr áhrifum þeirra á framgang námsins eða viðfangsefni sín þegar kom á nýtt skólastig (samkvæmt mati á þriggja stiga kvarða). Á þessum sviðum er m.a. breytinga þörf að mati höfundar og jafnvel mikilla umbóta.

Í lokakafla bókarinnar eru settar fram tillögur sem lúta bæði að breytingum á ytri umgjörð, s.s. skólaskyldu, lengd heildarnáms og gjaldtöku, og á daglegu starfi innan skólastofunnar, og þá einkum virkni nemenda og sjálfræði. Möguleikar nemenda á unglingsstigi grunnskóla á að taka framhaldsskólaáfangu skapi mikinn sveigjanleika á skilunum en það sé undir hælinn lagt hvort þetta nám er metið þegar í framhaldsskóla er komið – sem er afgerandi rof.

Markvisst samtal milli grunn- og framhaldsskóla

Það er misjafnt milli hverfa og virðist að nokkru leyti háð skólastjórnendum á hverjum stað hversu mikið samtal og samráð hefur átt sér stað á sl. árum milli framhalds- og grunnskólanna. Gerður nefnir mikilvægi þess að skólar komi sér upp samstarfsskóla í sínu sveitarfélagi / hverfi. Í einum rýnihópnum kom þetta samstarf milli grunn- og framhaldsskóla til tals, hugmyndir um að formgera samstarfið og gera það að árlegum viðburði þar sem kennarar og stjórnendur skólanna hittist til að auka gagnkvæman skilning og þekkingu á sitt hvoru skólastiginu með það að markmiði að efla samstarf og samfellu í námi nemenda. Benda má á samstarf Rimaskóla og Borgarholtsskóla í Grafarvogi sem fyrirmynd að slíku samstarfi grunn- og framhaldsskóla. Sjá:
http://www.rimaskoli.is/index.php/frettir/frettir-fra-10-bekk/795-samstarf-a-milli-skolastiga#!IMG_1191

8. Möguleikar á skilum skólastiga

Eitt af verkefnum starfshópsins var að korleggja þá möguleika sem nemendur í grunnskólum borgarinnar hafa nú þegar varðandi sveigjanleika í námi á mörkum grunn- og framhaldsskóla, einnig var hópnum falið að setja fram hugmyndir um aukinn sveigjanleika milli grunn- og framhaldsskóla. Í töflu 3 er stuðst við sömu framsetningu og starfshópur á vegum Menntasviðs Reykjavíkurborgar (2007) um sveigjanlegan námstíma í grunnskóla, setti fram.

Tafla 3 Ýmsir möguleikar á skilum skólastiga

	Möguleikar	Lýsing	Kostir	Annmarkar - álitamál	Til athugunar
1	Aukin áhersla verði lögð á einstaklingsmiðað nám.	Hér er vísað í 13. gr. laga um grunnskóla 2008: <i>Allir nemendur grunnskóla eiga rétt á kennslu við sitt hæfi í hvetjandi námsumhverfi í viðeigandi húsnæði sem tekur mið af þörfum þeirra og almennri vellíðan.</i>	Eykur möguleikana á því að hver einstakur nemandi geti lokið grunnskólanámi á þeim tíma sem hentar honum best og með áherslu á þær námsgreinar sem hann hefur mestan áhuga á.		Hér mætti líta til Framhaldsskólans í Mosfellsbæ varðandi skipulag náms og kennsluhætti.
2	Nemendum, sem þess óska verði gert kleift að taka 8.-10. bekk á tveimur árum.	Sömu rök og hér á undan. Þegar nemendur hefja nám í 8. bekk þurfa þeir að ákveða hvort þeir ætli að ljúka grunnskólanum á 2 eða 3 árum.	Nemendur geta að miklu leyti fylgt bekkjarkerfi. Auðveldara en áfangakerfi í fámennum skólum.	Þessir nemendur verða lang yngstir í framhaldsskólanum og félagsleg staða þeirra gæti orðið veik. Gæti hugsanlega virkað sem of mikill þrýstingur á nemendur.	
3	Nemendur eiga kost á að ljúka námi eftir 9. bekk og taka 10. bekk og 1. bekk framhaldsskóla saman á einu ári.	Þeir nemendur sem ná tilsettum námsárangri í 9. bekk gefst kostur á að hefja nám í framhaldsskóla ári fyrir og taka 10. bekk og 1. bekk framhaldsskóla á einu ári.	Framhaldsskólinn hefur styst um eitt ár og þannig hefur skapast aukið svigrúm. Þarna aukast líkur á samfellu í námi.	Þessir nemendur verða lang yngstir í framhaldsskólanum og félagsleg staða þeirra gæti orðið veik. Er þörf á því að stytta grunnskólann?	
4	Nemendur hafi kost á að stunda framhaldsskóla-áfangi í fjar- og dreifinámi í gegnum miðlæga gátt.	Grunnskólanemendum standi til boða fjar- eða dreifinám í framhaldsskóla sem hluta af námi sínu í grunnskóla.	Allir nemendur á landinu sitja við sama borð hvað varðar sveigjanleika á skilum skólastiganna.	Þarf að vera samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga/ Reykjavíkurborgar.	
5	Öllum grunnskólanemendum á unglíngastigi sem þess óska og uppfylla skilyrði laga verði veittur aðgangur að námi á framhaldsskólastigi þeim að kostnaðarlausu.	Þegar nemendur byrja í 8. bekk er þeim kynntur sá möguleiki að taka námsgreinar á framhaldsskólastigi. Fyrirkomulagið verði sniðið að hverjum skóla í samráði við framhaldsskóla.	Allir nemendur sitja við sama borð.	Þarf að stilla saman grunn- og framhaldsskóla.	
6	Aukið samstarf grunn- og framhaldsskóla um samfellu í námi nemenda.	Á hverju vori verði haldinn fundur í öllum hverfum borgarinnar þar sem kennarar í unglíngadeildum grunnskóla og kennarar í framhaldsskóla funda til að skiptast á upplýsingum í einstökum námsgreinum með það að markmiði að auka samfellu í námi nemenda.	Aukinn skilingur og þekking milli skólastiga sem stuðlar að aukinni samfellu í námi nemenda.	Nemendur fara á milli hverfa og ekki er víst að það sé alltaf samræmi milli hverfa.	Þarf að vinna í samráði þjónustumiðstöðva og menntamálaráðuneytis. Í nokkrum hverfum hefur verið samstarf um nemendur sem þurfa sérstakan stuðning í námi eða eru í áhættuhópi.

Kostnaðargreining

1. *Aukin áhersla verði lögð á einstaklingsmiðað nám í grunnskólanum.* Meðal námstilboða getu verið framhaldsskólaáfangar sem kennarar skólans með réttindi á framhaldsskólastigi getu kennt. Þessu fylgir ekki sérstakur aukakostnaður heldur er um að ræða breytingu á skipulagi og aukinn sveigjanleika í námi og kennslu

2. *Nemendum verði gert kleift að taka 8.-10. bekk á tveimur árum.* Hér yrði um sparnað að ræða fyrir borgina í samræmi við fjölda nemenda sem hugsanlega geta nýtt þetta fyrirkomulag. Sé tekið mið af fjölda nemenda, sem taka saman 10. bekk og 1. bekk í Menntaskólanum á Akureyri, þ.e. 15 – 20 nemendur á ári, má ætla að fjöldi nemenda við grunnskólana í Reykjavík, sem myndu nýta þetta úrræði væri á bilinu 50-70 árlega. Þannig gæti sparnaður orðið u.þ.b. 33 milljónir króna á ári. Taka þarf tillit til þess að nú þegar lýkur hópur nemenda grunnskólanámi á 9 árum. Ekki liggur fyrir hversu fjölmennur sá hópur er.

3. *Nemendur ljúka námi eftir 9. bekk grunnskóla og taka 10. bekk og 1. bekk framhaldsskóla saman á einu ári* eins og gert er í Hraðlínu Menntaskólans á Akureyri og Menntaskólinn í Reykjavík hefur sýnt áhuga á að taka upp. Þessir nemendur eru skráðir í framhaldsskólann og væntanlega þurfa sveitarfélög og ríki að semja um greiðslu vegna náms viðkomandi nemenda enda hafa þeir ekki formlega lokið grunnskólanámi. Ef einhver framhaldsskóli í Reykjavík byði upp á slíkt námstilboð myndi hugsanlega fækka þeim nemendum sem óska eftir að taka 8. – 10. bekk á tveimur árum. Ómögulegt er að áætla um fjölda þessara nemenda og kostnað vegna þessa.

4. *Nemendur hafi kost á að stunda framhaldsskólaáfanga í fjar – og dreifinámi.* Samkvæmt lögum á nám nemenda í grunnskóla að vera þeim að kostnaðarlausu. Þarna þurfa ríki og sveitarfélög að semja um fyrirkomulag og greiðslu kostnaðar sem þessu fylgir, s.s. skráningargjald, kennslukostnað, námsgögn, efnisgjald o.fl.

5. *Öllum grunnskólanemendum sem þess óska og uppfylla skilyrði laga verði veittur aðgangur að lágmarksfjölda námskeiða á framhaldsskólastigi þeim að kostnaðarlausu.* Hér þurfa ríki og sveitarfélög að semja um greiðslu vegna viðkomandi námsáfanga. Meðalfjöldi grunnskólanemenda sem lauk framhaldsskólaáföngum á síðustu 6 árum er 228. Ef sá fjöldi tæki framhaldsskólaáfanga væri kostnaðurinn kr. 2,8 milljónir á ári miðað við innritunarkostnað Menntaskólans við Hamrahlíð skólaárið 2015-16. Þá er eftir að gera ráð fyrir námsefniskostnaði.

6. *Aukið samstarf grunn- og framhaldsskóla um samfellu í námi nemenda.* Um væri að ræða einn fund á ári þar sem kennarar í unglingadeildum grunnskóla og kennarar í framhaldsskóla funda til að skiptast á upplýsingum um nám í einstökum námsgreinum með það að markmiði að auka samfellu í námi nemenda. Þessu þarf ekki endilega að fylgja aukakostnaður heldur myndi fundurinn vera innan vinnutímaramma grunnskólakennaranna.

7. Til að mæta tillögum hópsins er nauðsynlegt að *kanna hlut náms- og starfsráðgjafa í verkefnum er lúta að skilum skólastiga.* Í umræðum rýnihópanna kom ítrekað fram hversu mikilvægt væri að upplýsa nemendur og foreldra þeirra um þá möguleika sem nemendurnir hefðu á að taka námsáfanga á framhaldsskólastigi en samkvæmt því sem fram kom í umræðunum er afar mismunandi hvernig að þessu er staðið. Þetta á einnig við um möguleika nemenda á að ljúka grunnskólanum á 9 árum. Oftar en ekki virðist það vera að frumkvæði og á ábyrgð foreldra einstakra nemenda hvernig þessu er fylgt eftir og augljóst að þar sitja ekki allir

nemendur við sama borð. Einnig kom fram nauðsyn þess að grunnskólanemendur sem stunda nám í framhaldsskólaáföngum hafi góðan stuðning við það nám í grunnskólunum. Þessi verkefni virðast aðallega vera á verksviði náms- og starfsráðgjafa líkt og kynning á framhaldsskólum, ef taka má mið af umræðum rýnihópa og því sem fram kom á fundum starfshópsins. Starfshópurinn mælir með því að gerð sé úttekt á störfum náms- og starfsráðgjafa með tilliti til þess sem á undan er nefnt til að kanna hlut þeirra í samstarfi á skilum skólastiga og meta hvort þörf er á að efla þennan hluta starfs þeirra enn frekar.

9. Samantekt og niðurstöður

Jafnræði milli nemenda, samræmdar reglur og upplýsingagjöf

Starfshópurinn leggur áherslu á mikilvægi þess að tryggja jafnræði nemenda í grunnskólum borgarinnar þegar kemur að skilum skólastiga. Þetta sjónarmið kom mjög skýrt fram bæði á fundum starfshópsins og hjá þeim sem sóttu rýnihópafundinn sem boðað var til. Setja þarf fram stefnu um aðgengi nemenda í grunnskólum borgarinnar að námi á framhaldsskólastigi í samræmi við 26. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008: *Grunnskólanemendur eiga rétt á að stunda nám í einstökum námsgreinum á framhaldsskólastigi meðan þeir eru í grunnskóla enda hafi þeir sýnt fullnægjandi færni.* Jafnframt þarf að marka skýra stefnu og sýn varðandi möguleika á styttingu náms í grunnskólanum.

Allar upplýsingar hvað þetta varðar þarf að kynna vel fyrir nemendum og foreldrum og hafa þær aðgengilegar á heimasíðum skólanna.

Kostnaður vegna framhaldsskólaáfanga grunnskólanemenda

Skólayfirvöld í Reykjavík þurfa að taka af allan vafa um hver eigi að bera kostnað vegna náms grunnskólanemenda á framhaldsskólastigi og áætla fjármagn til grunnskóla borgarinnar til að mæta þeim kostnaði sem aukinn sveigjanleiki á skilum grunn- og framhaldsskóla kallar á. Gæta þarf jafnræðis milli allra nemenda sem óska eftir að taka framhaldsskólaáfanga og uppfylla ákvæði laganna á meðan þeir eru enn í grunnskóla, þannig að það sitji allir við sama borð hvað þennan kostnað varðar.

Náms- og starfsráðgjöf og kynning á starfi framhaldsskóla

Stuðla skal að því að allir nemendur fái náms- og starfsráðgjöf sbr. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008: *Nemendur eiga rétt á að njóta náms- og starfsráðgjafar í grunnskóla af aðilum sem uppfylla skilyrði laga um náms- og starfsráðgjafa.* Mikilvægur hluti af starfi náms- og starfsráðgjafa er að tryggja að nemendur á unglingsstigi fái góðar upplýsingar um námstilboð framhaldsskólanna. Hvetja ætti mennta- og menningarmálaráðuneytið í samstarfi við Reykjavíkurborg til að standa fyrir góðri kynningu á starfi allra framhaldsskólanna á höfuðborgarsvæðinu a.m.k. annað hvert ár, sem ætluð

yrði nemendum á unglíngastigi og foreldrum þeirra. Taka mætti mið af glæsilegum framhaldsskólakynningum og sýningum sem haldnar hafa verið í samvinnu við Íslandsmót iðn- og verkgreina og Verkið.

Náms- og starfsráðgjafar hafa mikilvægu hlutverki að gegna þegar kemur að skipulagningu náms grunnskólanemenda sem taka framhaldsskólaáfangu og stuðningi við einstaka nemendur sem stunda slíkt nám. Það kom bæði fram á rýnihópafundinum og á fundum starfshópsins. Því þarf að gera úttekt á hver hlutur náms- og starfsráðgjafa er þegar kemur að námi á skilum skólastiga og hvort þurfi að efla þann þátt enn frekar.

Aukin samræða og upplýsingastreymimilli skólastiga

Loks bendir starfshópurinn á nauðsyn þess að efla samræðu og samstarf milli grunnskólans og framhaldsskólans undir forystu Reykjavíkurborgar og mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Reykjavíkurborg hefur ákveðnum skyldum að gegna sem höfuðborg og frumkvöðull í skólamálaum þar sem um þriðjungur allra nemenda á grunnskólaaldri stunda nám í grunnskólum borgarinnar. Lagt er til að komið verði á reglulegum samráðsfundum milli skólaábyrðinga í borginni, fulltrúum ráðuneytisins sem hafa með framhaldsskólamálaum að gera og skólastjórnendum framhaldsskólanna á höfuðborgarsvæðinu. Á þessum fundum myndu menn skiptast á skoðunum, miðla nýjungum og leggja drög að auknu samstarfi milli skólastiganna.

Auk þess verði á hverju vori haldinn fundur í öllum hverfum borgarinnar þar sem kennarar í unglíngadeildum grunnskóla og kennarar í framhaldsskóla funda til að skiptast á upplýsingum í einstökum námsgreinum með það að markmiði að auka samfellu í námi nemenda.

Fjar- og dreifinám á mótum grunn- og framhaldsskóla

Starfshópurinn hvetur til þess að Samband íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg ásamt mennta- og menningarmálaráðuneyti setji á stofn skipulagt miðlægt fjar- og dreifinám á mótum grunn- og framhaldsskóla. Meginmarkmið þess væri að gefa þeim nemendum, sem það kjósa, tækifæri til að stunda nám óháð búsetu. Hér er einkum átt við nám sem ekki er í boði í viðkomandi skóla, s.s. í tungumálum fyrri nemendur af erlendum uppruna og valnámi af ýmsum toga. Einnig er um að ræða nemendur sem hafa til þess forsendur að taka staka áfanga í framhaldsskóla í fjar- og dreifnámi samhliða námi í grunnskóla. Lagt er til að aðgangurinn fari fram um eina gátt sem opni leið að öllum þeim möguleikum sem eru í boði. Til að stuðla að sveigjanleika á mörkum grunnskóla og framhaldsskóla og stuðla að jafnræði milli nemenda óháð búsetu er æskilegt að grunnskólanemendum standi til boða fjar- eða dreifinám í framhaldsskóla sem hluta af námi sínu í grunnskóla án þess að þurfa að greiða fyrir það sérstaklega. Kynna þarf fjar- og dreifinámið vel, m.a. ætti að gera grein fyrir því í skólanámskrá allra grunnskóla.

Heimildir

Gerður G. Óskarsdóttir (2012). *Skil skólastiga. Frá leikskóla til grunnskóla og grunnskóla til framhaldsskóla*. Reykjavík: Háskólaútgáfan

Menntasvið Reykjavíkur (2007). *Sveigjanlegur námstími í grunnskóla*. Tillögur og greinargerð starfshóps. Sótt af:

http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/sveigjanl.namst_.grunnsk.pdf

Reykjavíkurborg (2014). *Ársskýrsla skóla- og frístundasviðs 2014*. Sótt af:

http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/arskyrsla_sfs_2014.pdf

Reykjavíkurborg (2015). *Ársskýrsla skóla- og frístundasviðs 2015*. Sótt af:

http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/arskyrsla_skola-og_fristundasvids-2015.pdf

Samband íslenskra sveitarfélaga (31. maí 2010). *Álitsgerð um rétt grunnskólabarna til þess að stunda nám í framhaldsskólaáföngum*. Sótt 8. júní 2016 af <http://www.samband.is/media/skolamal/Rettur-grunnskólabarna-til-thess-ad-stunda-nam-i-framhaldsskólaafongum.pdf>

Samband íslenskra sveitarfélaga (14. janúar 2014). *Yfirlit um grá svæði í verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga á sviði velferðarþjónustu*. Sótt 8. júní 2016 af <http://www.samband.is/media/thjonusta-vid-fatlada/Yfirlit-um-gra-svaedi-i-verkaskiptingu-milli-rikis-og-svf-a-svidi-velferdarthjonustu.pdf>


Fylgiskjöl

1. Erindisbréf starfshópsins.
2. Samantekt svara frá námsráðgjöfum grunnskólanna í Reykjavík í maí 2016.

ERINDISBRÉF

Heiti vinnuhóps: Starfshópur um aukinn sveigjanleika milli grunn- og framhaldsskóla
Ábyrgðarmaður: Guðlaug Sturlaugsdóttir, skrifstofustjóri
Hlutverk: Vinna að greiningu á auknum sveigjanleika á milli grunnskóla og framhaldsskóla með fagleg sjónarmið og framtíðarsýn um gott skólakerfi, metnaðarfullt skólastarf og hagsmuni nemenda að leiðarljósi.
Helstu verkefni: Kortleggja þá möguleika sem nemendur í grunnskólum borgarinnar hafa nú þegar varðandi sveigjanleika í námi á mörkum grunn- og framhaldsskóla Setja fram hugmyndir um aukinn sveigjanleika milli grunn- og framhaldsskóla Meta fjárhagslegan og faglegan fýsileika þess að auka sveigjanleika milli grunn- og framhaldsskóla Standa fyrir opinni umræðu um sveigjanleg skil milli grunn- og framhaldsskóla
Fulltrúar í stýrihópi: Fulltrúar fagskrifstofu SFS: Guðrún E. Bentsdóttir, Nanna Kristín Christiansen og Þorbjörg St. Þorsteinsdóttir Börkur Vígbórsson, fulltrúi Félags skólastjórnenda í Reykjavík Hulda María Magnúsdóttir, fulltrúi Kennarafélags Reykjavíkur: Birgitta Bára Hassenstein, fulltrúi foreldra: SAMFOK Karítas Bjarkardóttir, fulltrúi ungmennaráða (til vara Eyrún Magnúsdóttir)
Formaður vinnuhóps: Guðrún E. Bentsdóttir
Starfsmenn: Nanna K. Christiansen og Þorbjörg St. Þorsteinsdóttir
Ráðgjöf/samstarf: Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Menntamálastofnun, Skólameistarafélag Íslands, Félag framhaldsskólanema, Menntavísindasvið HÍ og aðrir sérfróðir aðilar sem hópurinn kýs að leita til.
Starfstímabil: Frá 1. feb. 2016 – 15. maí 2016
Skil: Til skóla- og frístundaráðs og borgarráðs

Fjöldi nemenda sem luku framhaldsskólaáföngum að vori árin 2011 - 2015



Þessa ber að geta að þegar skólustjórar svöruðu spurningum var ekki beðið um greinarmun á fjarnámi eða staðnámi á framhaldsskólastigi.

Vorið 2012 svara 18 skólar.

Vor 2013. Alls 85 nemendur stunduðu nám í framhaldsskóla samhliða grunnskólanámi í 10. bekk. Flestir nemendur voru í Árbæjarskóla, Hagaskóla, Foldaskóla og Rimaskóla. Fjölbrotarskólinn við Ármúla tók við flestum þessara grunnskólanemenda.

Vor 2014 stunduðu 238 framhaldsskólaáfanga samhliða grunnskólanámi í 10. bekk og 24 af 238 nemendur voru í 9. bekk. Flestir nemendur voru í Foldaskóla og Vættaskóla. Borgarholtsskóli tók við flestum þessara grunnskólanemenda.

Vor 2015 Samkvæmt svörum 7 grunnskóla voru 65 grunnskólanemendur í framhaldsskólaáföngum. Ekki að marka niðurstöður sem eru vegna ónógra svara frá skólunum. Alls 65 nemendur í grunnskólum Reykjavíkur stunduðu og luku áföngum á framhaldsskólastig vorið 2015. Alls 69 nemendur luku áföngum á haustönn. Flestir nemendur voru í 10. bekk Foldaskóla Fjölbrotarskólinn við Ármúla tók við flestum þessara grunnskólanemenda.

Vorið 2016 bárust svör frá 21 skóla og svöruðu námsráðgjafar spurningunum. Flestir nemendurnir voru í Hagaskóla. Árbæjarskóla og Seljaskóla. Stærðfræði og enska eru algengustu námsgreinarnar. FÁ er oftast í þessu samstarfi.